

Nýútkomið í A.-deild Stjórnartíðindanna.

Auglýsing um bólu í Neapel og um bann gegn innflutningi á ýmsum hlutum þaðan til Íslands o. fl., undirskrifuð af ráðgjafanum fyrir Ísland 17. apríl 1891. (A nr. 4, bls. 10—11).

Brjef landshöfðingja til sjera Þorleifs Jónssonar, prests að Skinnastöðum, 38 um tíund af geitfje og um skyldu presta til að leggja til í aukavegavinnu. — 25. febr. Í þóknanlegu brjefi, dagsettu 12. desbr. f. á., hafið þjer, velæruverðugi herra, beiðzt úrlausnar minnar á fyrirspurnum þeim, er hjer segir :

- 1., hvort yður beri skylda til að greiða tíund af geitfje yðar, og
- 2., hvort þjer sjeuð skyldur til að leggja til í aukavegavinnu hreppsins að tiltölu við aðra hreppsþúa.

Jafnframt og jeg get þess, að fullnaðarúrslit á framangreindum fyrirspurnum eiga undir dómstólana, en ekki undir umboðsvaldið, skal jeg þjónustusamlega tjá yður :

Um 1, að með því að lög um lausafjártíund 12. júlí 1878 ekki nefna geitfje í 2. gr., þar sem mælt er fyrir um, hvernig fjenaður skuli lagður í tíund, og lögin þannig ekki virðast ætlast til, að það skuli talið fram til tíundar, þá fæ jeg ekki sjeð, að yður beri skylda til að greiða tíund af geitfje yðar.

Um 2, að með því að tilskipun um vegina 15. marz 1861 mælir svo fyrir í 18. gr., að það sje skylda innbúanna í hverjum hreppi, »hvort sem þeir eru af bændastjett eða ekki«, að leggja til verk til vegabóta og viðhalds á aukavegum um hreppinn, þá virðist það auðsætt, að þessi skylda hafi eptir tjeðri lagagrein náð jafnt til presta sem til annara hreppsþúa, og með því að ekki verður álitíð, að vegalög 15. október 1875 og vegalög 10. nóvember 1887 hafi gjört neina breyting á því, hverjir eigi að inna af hendi skylduvinnu að hreppavegum, þá verð jeg að ætla, að fyrirmæli 15. greinar í síðastnefndum lögum um vinnu að hreppavegum nái jafnt til yðar sem til annara búenda í hreppnum.

Brjef landshöfðingja til biskupsins um gjaldskyldu presta, emeritpresta og 39 prestsekkna til kirkju, og emeritpresta og prestsekkna til prests. — Í þóknan- 25. febr. legu brjefi, dagsettu 18. nóvbr. f. á., hafið þjer, háæruverðugi herra, beiðzt leiðbeiningar minnar um, hvernig beri að leysa úr nokkrum fyrirspurnum, sem prófasturinn í Skagafjarðarprófastsdæmi hefur borið upp fyrir yður, en þær eru þessar :

- 1, hvort prestar, emeritprestar og prestsekkjur eigi ekki að greiða lausafjártíund til kirkju, samkvæmt lögum 12. júlí 1878, 12. gr.
- 2, hvort prestar, emeritprestar og prestsekkjur eigi ekki að borga til kirkju sinnar ljóstoll og legkaup fyrir sig og sína eptir sömu reglum og aðrir.
- 3, hvort emeritprestar og ekkjur þeirra sjeu gjaldfrjálsar til prests.

Jafnvel þó að framangreindar spurningar eigi að fá fullnaðarúrslit af hendi dómstólanna en ekki umboðsvaldsins, vil jeg ekki skorast undan að láta yður í ljósi álit mitt um, hvernig eigi að svara þeim, og verður það á þessa leið :

6. dag maímán. 1891.